



**293. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað, mánudaginn 31. ágúst 2020 kl. 17:30.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. Varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll: Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi, Knútur G. Hauksson, Þórey Edda Elísdóttir og Þráinn Hafsteinsson.**

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

### **1. Úthlutun úr sértækum aðgerðum vegna Covid-19**

Aðeins eitt mál var á dagskrá fundarins, tillaga vinnuhóps ÍSÍ um tillögur að skiptingu fjár til íþróttahreyfingarinnar vegna Covid-19 að úthlutun úr sértækum aðgerðum.

Forseti skýrði frá því að vinnuhópurinn hefði skilaði af sér aðferðarfræðinni við útreikning úthlutunar til ráðuneytis sem samþykkti að farið yrði algerlega eftir tillögum vinnuhópsins.

Að ofangreindu samþykki fengnu þá var gerð tillaga að úthlutun til umsækjenda, byggð á aðferðarfræði vinnuhópsins. Tillagan var send ráðuneytinu og hefur nú verið samþykkt munnlega af ráðherra. Beðið er eftir skriflegri staðfestingu.

Fyrir fundinum liggur tillaga vinnuhópsins að úthlutun úr sértækum aðgerðum, skv. ofangreindu. Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og starfsmaður vinnuhópsins fór ítarlega yfir tillöguna og aðferðarfræði vinnuhópsins. ÍSÍ bárust 98 umsóknir sérsamböndum, íþróttahéruðum og íþrótt- og ungmennafélögum. Fimm uppfylltu ekki skilyrði og einn dró umsókn sína til baka. Heildarupphæð umsókna var um 700 milljónir króna en tæplega 150 milljónir voru til úthlutunar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Bókaðar þakkir til vinnuhópsins og starfsmanns hans fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki tillögunni.

Forseti skýrði frá því að hann hafi átt í viðræðum við ráðamenn um viðbótar fjárframlag vegna stórra einstakra viðburða sem féllu niður í annarri bylgju COVID-19 faraldursins.

Forseti ÍSÍ skýrði einnig frá því að hann hafi átt fund með mennta- og menningarmálaráðherra varðandi mögulegt hvatningarátak í íþróttum. Fulltrúar frá ÍSÍ, UMFÍ og ráðuneyti munu funda um málið á morgun.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari